

**I. EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllin

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/8/01	Lausar stöður fyrir unga vísindamenn .....	01
94/EES/8/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram - (Mál nr. IV/M.448 - GKN/Brambles/Leto Recycling).....	06
94/EES/8/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram - (Mál nr. IV/M.445 - BSN/Euralim) .....	06
94/EES/8/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu - (Mál nr. IV/M.400 Allied Lyons/HWE-Pedro Domecq) .....	07
94/EES/8/05	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð C 9/93, Þýskaland .....	07

94/EES/8/06

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....08

94/EES/8/07

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68, 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87, um tiltekna samninga fyrir flutning á nýjum vélknúnum ökutækjum á járnbrautum, vegum, sjó, skipgengum vatnaleiðum og í lofti og veitingu viðbótarþjónustu - Mál IV/34.860-ACE .....09

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### LAUSAR STÖÐUR FYRIR UNGA VÍSINDAMENN

94/EES/8/01

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

notar valaðferð með það í huga að taka saman varaskrá yfir fólk sem hægt er að tilnefna í störf í flokkum A8/A5 vegna starfsemi sem varðar stefnu bandalagsins á sviði vísinda og tækni og til verkefna í rammaáætlun ESB.

#### VÍSINDALEGIR UMSJÓNARMENN

á eftirfarandi sviðum:

##### COM/R/A/119 :Vísinda- og tæknistefna

**Starfssvið:** Samning stefnumarkandi greinargerða, athugasemda og sérstakra aðgerða, í tengslum við skilgreiningu og framkvæmd á stefnu bandalagsins á sviði rannsókna og þróunar. Störf tengd rammaáætluninni og samræmingu á stefnu landanna á sviði rannsókna og þróunar.

**Menntun og hæfi:** Mjög góð þekking á vísinda- og tæknistefnu og vanda er tengist henni, innlend eða alþjóðleg starfsreynsla er æskileg. Viðkomandi þarf að vera vel fær um að semja og leggja fram stefnumál og vera samningalipur.

##### COM/R/A/120: Líftækni

**Starfssvið:** Vísindaleg stjórn og umsjón, undir stjórn hópstjóra, með líftæknilegum R&Ð verkefnum, einkum á sviði gerjunar, lífferlaverkfræði, lífskynjara og / eða stórsameindahönnunar. Þátttaka í ýmsum stjórnunarverkefnum, þar á meðal: mat á tillögum, samningaviðræður, verkefnastjórnun, mat á áætlunum, tæknileg iðnaðaryfirfærsla.

**Menntun og hæfi:** Háskólagráða í líffræði eða verkfræði. Reynsla af rannsóknum og/eða úr atvinnulífi. Viðkomandi skal vera höfundur vísindagreina/einkaleyfa, hafa reynslu af að undirbúa mál, leikni í notkun samskiptamiðla og vera vanur hópvinnu.

##### COM/R/A/121: Umhverfi

**Starfssvið:** Val á umsóknum, samningagerð og úrvinnsla, samræming á áætlunum bandalagsins og innlendra starfsemi, mat á rannsóknarþörfum og forgangsverkefnum. Helstu starfssvið: rannsóknir á vistkerfum og mælingar á efnainnihaldi.

**Menntun og hæfi:** Góð þekking á sviði umhverfsvísinda, reynsla af því að stýra rannsóknum æskileg.

**COM/R/A/122: Vísindalegur umsjónarmaður með endurnýjanlegum orkugjöfum**

**Starfssvið:** Kerfisbundnar athuganir, framkvæmd vísindalegra samninga, efnahagsleg þýðing endurnýjanlegra orkugjafa, samnýting mismunandi endurnýjanlegra orkugjafa, dreifing upplýsinga um árangur áætlunarinnar; umsjón með vísindalegum samningum.

**Menntun og hæfi:** Grunnþekking í gagnatekni og reynsla af notkun einkatölva æskileg.

**COM/R/A/123: Þjálfun og hreyfanleiki vísindamanna**

**Starfssvið:** Samræming á mati á rannsóknarverkefnum sem falla undir þverfaglega áætlun um þjálfun og hreyfanleika rannsakenda.

**Menntun og hæfi:** Stjórnandi með góða reynslu af rannsóknum og umsjón með rannsóknaráætlunum.

**COM/R/A/124: Vísinda- og tæknistefna og alþjóðleg samvinna á því sviði, í tengslum við EES og EFTA, COST, EUREKA og alþjóðasamtök**

**Starfssvið:** Aðstoð við umsjón með stefnu í rannsóknum og þróun innan ramma alþjóðlegrar samvinnu er tekur til EES, EFTA-landa og alþjóðasamtaka. Tekur einnig að nokkru leyti til COST- og EUREKA-verkefna.

**Menntun og hæfi:** Menntun annaðhvort í náttúru- eða verkfræðigreinum eða lög- eða stjórnmálafræði; í báðum tilvikum er þekking í hinum greinum talin umsækjanda til tekna.

**COM/R/A/125: Efnisverkfræðingur/-vísindamaður  
(Institute for Advanced Materials - JRC Petten/Holland)**

**Starfssvið:** Mat á burðarþolsuppyggingu efnisþátta með því að nota hugtök úr brotaaflfræði við notkun NDE-aðferða (áhersla á gegnumlýsingu). Mat á efnisskemmdum almennt til stuðnings evrópskum netkerfum um endingu á og eftirlit með efnun.

**Menntun og hæfi:** Verkfræði eða hagnýt eðlisfræði með æðra nám að baki (efnisfræði, hagnýt kjarneðlisfræðileg verkfræði). Ungur vísindamaður hugsanlega með reynslu af rannsóknum og þróun á efnunum og eðli skemmda með tilliti til reglna og bættra vinnuaðferða í iðnaði.

**COM/R/A/126: Yfirmaður rannsókna á tæringu  
(Institute for Advanced Materials - JRC Petten/Holland)**

**Starfssvið:** Þátttaka í bæði grunn- og hagnýtum rannsóknum á tæringu og mótnun aðferða til að bæta viðnám gegn tæringu.

**Menntun og hæfi:** Háskólagráða í efnisvísindum, efnifræði eða eðlisfræði eða verkfræðigráða með efnisvísindi sem aðalgrein. Reynsla í efnisrannsóknum og verkfræði en þekking á tæringu við háan hita og tæringarvörnum er talin umsækjanda til tekna.

**COM/R/A/127: Staðalmælingar á stöðugum samsætum**  
(Institute for Reference Materials and Measurements - JRC Geel/Belgía)

**Starfssvið:** Að framkvæma og aðstoða við samræmingu nákvæmnisákvæðana á stöðugum samsætum (einkum með massagreiningu) fyrir staðalmælingar við IRMM.

**Menntun og hæfi:** Háskólagráða (PhD) í efnafræði (greiningar-, eðlis-) eða eðlisfræði (gashreyfifræði og jónunarnýtni). Reynsla af massagreiningu og gagnamatsaðferðum og hópvinnu.

**COM/R/A/128: Áreiðanleiki og öryggi flókinna kerfa (JRC Ispra/Ítalía)**

**Starfssvið:** Þátttaka í þróun aðferða við greiningu á áreiðanleik og öryggi flókinna kerfa, að meðtöldum gögnum og líkönum með sérstöku tilliti til efnaverksmiðja. Að koma þessum aðferðum til framkvæmda í þróuðum upplýsingakerfum. Að kanna aðferðir og móta leiðbeiningar til að auka áreiðanleika og öryggi flókinna kerfa, sérstaklega á sviði efnaiðnaðar.

**Menntun og hæfi:** Yfirgripsmikil þekking á aðferðafræði og aðferðum til að tryggja áreiðanleika og öryggi flókinna kerfa. Reynsla hvað varðar öryggi og áreiðanleika flókinna kerfa í efna- og olíuefnaíðnaði.

**COM/R/A/129: Tölvu- og skynjarabúnaður (JRC Ispra/Ítalía)**

**Starfssvið:** Þróun samhæfðra tölvuvæðdra mælingar- og eftirlitskerfa. Hönnun vélbúnaðar-/hugbúnaðarhögunar og þróun hugbúnaðar fyrir öflun, vinnslu og flutning gagna.

**Menntun og hæfi:** Háskólanám í rafeindatekni, tölvuvísindum eða eðlisfræði. Óskað er eftir ungum umsækjendum fyrir þróunarvinnu á rannsóknarstofu. Reynsla í hugbúnaðargerð fyrir rauntíma aðgerðir. Þekking á tölvusýn, skynjarasamruna og gagnaflutningi.

**COM/R/A/130: Burðarþolsöryggi og -áreiðanleiki (JRC Ispra/Ítalía)**

**Starfssvið:** Þátttaka í þróun og notkun tölvulíkana við eftirlíkingu á gassprengingu og öðrum hverfulum fyrirbærum í byggingum og iðjuverum og mat á burðarþolsálagi og svörun.

**Menntun og hæfi:** Verkfræði eða hagnýt eðlisfræði ásamt haldgóðri þekkingu á tölvuaðferðum í fastefnisaflifræði og burðarþolsfræði, einkum að því er varðar aðferðir þar sem notaðar eru tilbúnar einingar. Reynsla af því að kljást við vanda vegna samtengds straumburðarþols og/eða af gerð tölvulíkana fyrir gassprengingar er talin umsækjanda til tekna. Ákjósanlegast er að umsækjandi hafi nokkurra ára reynslu á viðkomandi sviði og hafi góð sambönd við atvinnulíf.

**COM/R/A/131: Að spá fyrir um tækni framfarir (JRC Sevilla/Spánn)**

**Starfssvið:** Að fylgjast með framförum og forspám um framfarir á sviði vísinda og tækni og áhrifum þeirra á efnahagslífið, umhverfið og þjóðfélagið.

**Menntun og hæfi:** Góð menntun á sviði vísinda og/eða tækni einkum almenn þekking á efnahagslegum og félagslegum þáttum þeirra. Reynsla af tölfræðilegri meðferð gagna og forspáraðferðum er talin umsækjanda til tekna. Hæfni til að vinna á fjölfaglegum grunni og víðsýni.

**COM/R/A/132: Eiturefnafræði - Staða 1 (JRC Ispra/Ítalía)**

**Starfssvið:** Aðferðir við áhættu- og hættumat á kemískum efnum í tengslum við tilskipanir EB við hættumat á kemískum efnum. Skimun og mat á gögnum, meðhöndlun gagnagrunna.

**Menntun og hæfi:** Gráða í líffræði eða efnafræði. Reynsla af gagnavinnslu. Góð þekking eða reynsla á þessu sviði auk þess sem viðkomandi þarf að geta tekið þátt í og nýtt niðurstöður úr störfum nefnda.

**COM/R/A/133: Eiturefnafræði - Staða 2 (JRC Ispra/Ítalía)**

**Starfssvið:** Að samhæfa aðferðir til prófunar á eiturefnainnihaldi við aðferðir þar sem gert er ráð fyrir að dýr séu notuð. Mat á hringaundirskriftabeiðni (round robin), samburður og mat á réttmæti rannsókna sem er gerðar „í glasi“ á vegum European Centre for the Validation of Alternative Methods.

**Menntun og hæfi:** Gráða á sviði líffræði eða tölfraði ásamt viðeigandi reynslu á sviði líffræðilegrar tölfraði og tilraunaeiturefnafræði. Viðkomandi þarf að þekkja aðferðir sem eru notaðar við eftirlit með efnafræðilegum prófunum.

**COM/R/A/134: Sérfræðingur í jarðfjarkönnun (JRC Ispra/Ítalía)**

**Starfssvið:** Að taka þátt í verkefnum á vettvangi Miðstöðvar fyrir jarðfjarkönnun (Centre for Earth Observation (CEO)). Þetta felur meðal annars í sér að þróa búnað og aðferðir með tilliti til skjalasafna, safnskráa og uppflettibúnaðar auk þess að þróa notendabúnað sem fullnægir kröfum CEO.

**Menntun og hæfi:** Krafist er reynslu á sviði fjarkönnunar og tölvuvísinda með sérstöku tilliti til: þróunar og umsjónar með gagnasöfnum, safnskrám og uppflettibúnaði, vinnslu yfirgripsmikilla gagnasafna (bæði hvað varðar tíma og rúm) og móttöku jarðfjarkönnunarupplýsinga.

Umsækjendur verða að hafa HÁSKÓLAGRÁÐU í viðeigandi greinum og hafa víðtæka reynslu á sviði vísinda, í Austurríki, Finnlandi, Íslandi, Liechtenstein, Noregi eða Svíþjóð, við framkvæmd framangreindra verkefna. Óska þarf skriflega eftir lögboðnum umsóknareyðublöðum og nota skal tilvísunarnúmer (t.d. COM/R/A/xxx), hjá:

CEC, Secretariat for Selection Committees Research, SDM R2/51,  
rue Montoyer 75,  
B-1049 Bruxelles,  
Belgium (bréfasími 90 32 2 296 22 39).

Umsóknir, rétt útfylltar og undirritaðar, skulu hafa borist framangreindum aðila með pósthimpri eigi síðar en frá 7.7.1994.

#### ALMENN SKILYRÐI

**Ráðningarsamningar:** Tímabundnir samningar þar sem ráðningartími er tilgreindur (unnt að framlengja).

**Ríkisfang:** Umsækjendur verða að vera ríkisborgarar aðildarríkis Evrópusambandsins eða Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs eða Svíþjóðar.

**Ráðningarstaður:** Starfsfólk á vegum framkvæmdastjórnarinnar verður að vera tilbúið til að starfa á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar og í mörgum tilvikum utan heimalands síns.

**Aldur:** Umsækjendur skulu fæddir eftir 7.7.1958. Veita má undanþágu frá aldursmörkunum vegna starfsmanna stofnana Evrópubandalagsins þegar um tímabundna ráðningu er að ræða, vegna herskyldu eða annarra þjónustustarfa, kennslu barna eða fatlaðra. Nánari upplýsingar er að finna í gögnum sem verða send umsækjendum.

**Tungumálakunnátta:** Umsækjendur verða að tilgreina nákvæmlega á umsóknareyðublöðunum kunnáttu í evrópskum tungumálum.

Ekki er tekið á móti umsóknum frá embættismönnum stofnana Evrópubandalagsins. Stefna framkvæmdastjórnarinnar er að tryggja jöfn tækifæri fyrir karla og konur.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/8/02****(Mál nr. IV/M.448 - GKN/Brambles/Leto Recycling)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 2.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin GKN plc og Brambles Industries Ltd (Brambles) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, (hvort fyrir sig í gegnum dótturfyrirtæki sem eru að öllu leyti í þeirra eigu) sameiginleg yfirráð yfir Leto Holding BV sem á 50% hlutabréfa í Leto Recycling. Þau verðbréf sem eftir eru í Leto Recycling eru í eigu Ecotechniek BV (dótturfyrirtæki sem er að öllu leyti í eigu Koninklijke Volker Stevin NV (KVS)).
2. Helsta viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja felst í:
  - GKN: eftirliti með úrgangsefnum, framleiðslu á vélknúnum og tæknilegum íhlutum, þjónustu við iðnað og tækjaleigu;
  - Brambles: meðhöndlun úrgangsefna og förgun þeirra, tækjapjónustu, flutningapjónustu, stuðningspjónustu við gas- og olfuiðnað á grunnsævi;
  - Leto Recycling: þjónustu varðandi eftirlit með úrgangi;
  - Ecotechniek: þjónustu varðandi eftirlit með úrgangi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB (Stjtið. EB nr. C 126, 7.5.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.448 - GKN/Brambles/Leto Recycling og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
 Directorate General for Competition (DG IV)  
 Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/8/03****(Mál nr. IV/M.445 - BSN/Euralim)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 2.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið BSN öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir Panzalim sem er nýstofnað eignarhaldsfélag sem sameinar starfsemi BSN-samstæðunnar og EURALIM, dótturfyrirtækis Saint-Louis-samstæðunnar, sem felst í framleiðslu „tilbúinna rétta“.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

ÍSLÆNSK ÚTGAFA



2 Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

- BSN: ferskvara, matvörur og pasta, kex, bjór, ölkelduvatn og umbúðir;
- Euralim: tilbúnir réttir og sveppir.

3 Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4 Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB (Stjttíð. EB nr. C 126, 7.5.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.445 - BSN/Euralim og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu

94/EES/8/04

### (Mál nr. IV/M.400 Allied Lyons/HWE-Pedro Domecq)

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

Framkvæmdastjórnin ákvað 28.4.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýndist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð C 9/93, Þýskaland

94/EES/8/05

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Þýskalandi að veita ríkisaðstoð sem nemur samtals 4 669 000 DM til SST-Garngesellschaft mbH, Thüringen, til að koma upp aðstöðu fyrir framleiðslu á pólýester-trefjapráðum (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 114, 5.5.1994)

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/8/06

Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).

Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun (1)	Títill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils(2)
94-0058-GR	Reglugerð um almannaheilbrigði sem ber titilinn „eftirlit með meðhöndlunarbúnaði - fyrir drykkjarvatn til heimilisnota”	20.6.1994
94-0061-DK	Tæknileg ákvæði um fjaraskiptabúnað með lágan sendistyrk til að greina hreyfingar (viðvörunarbúnaður á svæði)	20.6.1994
94-0068-P	Breytingar á reglugerðartilskipun N. 1-92 frá 18. febrúar sem gildir um öryggi orku-kapla fyrir háspennu	7.7.1994
94-0070-UK	Stjórnsýsluleiðbeiningar (HA XX-94) "Endurvinnsla asfalts á staðnum, með hitablöndun. Vinnsla sem felur í sér að endurþekja og blanda á ný" (DOT REF: EPP 040-82-EC)	20.6.1994
94-0071-D	Tæknilegir viðbótarsamningsskilmálar og leiðbeiningar varðandi burðarvirki fyrir umferðarmerki (ZTV-VZB)	23.6.1994
94-0072-F	Tæknilegar athugasemdir varðandi forlyfjaskrá sem er háð opinberri rannsókn	(3)
94-0073-UK	Dýrasjúkdómar (samþykkt sóttþreinsandi efni) (breyting) Fyrirmæli 1994	8.7.1994
94-0074-NL	Drög að vörureglugerð um undanþágu fyrir niðursöðna ávexti	30.6.1994
94-0075-D	Fyrstu fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum varðandi litla bræðsluofna	27.6.1994
94-0077-D	Reglugerð um gerðarviðurkenningu á farstöðvum til notkunar á E1 fjar-skiptanetinu	27.6.1994
94-0078-D	Reglugerð um gerðarviðurkenningu RAPT 224 ZV 2 fyrir ISDN- notendabúnað vegna ISDN- forgangsaðgangs(lag 1)	28.6.1994
94-0079-D	Fyrirmæli um hámarks-magn varnar-efnaleifa, pláguedyðandi efna, tilbúins áburðar og annarra smitvalda í matvælum og tóbaksvörum (Fyrirmæli um hámarks-magn leifa - RHMV)	28.6.1994
(4)		

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunarriki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefubundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „Lyfjaskrá”.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 12. gr. 94/EES/8/07  
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68<sup>(1)</sup>, 2. mgr. 12. gr. reglugerðar  
ráðsins (EBE) nr. 4056/86<sup>(2)</sup> og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE)  
nr. 3975/87<sup>(3)</sup>, um tiltekna samninga fyrir flutning á nýjum vélknúnum  
ökutækjum á járnbrautum, vegum, sjó, skipgengum vatnaleiðum og í  
lofti og veitingu viðbótarþjónustu -  
Mál IV/34.860-ACE**

Í máli nr. IV/34.860-ACE er auglýsing um útdrátt úr umsókn um undanþágu samkvæmt 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans birt í Stjttíð. EB nr. C 130 frá 12. 5. 1994 í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68, 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 hvað viðkemur tveimur samningum milli British Railways Board (BR), Société Nationale Des Chemins de Fer Belges (SNCB), NV Ferry-Boats (Ferry-Boats), NV Cobelfret (Cobelfret) og NV Auto Car Europe (ACE) um flutning á nýjum vélknúnum ökutækjum á járnbrautum, vegum, sjó, skipgengum vatnaleiðum og í lofti og veitingu viðbótarþjónustu. Þessir aðilar hafa farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún gangi úr skugga um að samningarnir brjóti ekki í bága við ákvæði 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans; komi hins vegar í ljós að um er að ræða brot á nefndri grein sækja aðilarnir um undanþágu frá banninu við takmarkandi samningum.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan 30 daga frá útgáfudegi þessarar auglýsingar, undir tilvísunarnúmeri IV/34.860-ACE, og er heimilisfangið eftirfarandi:

Commission of the European Communities  
DG IV, Directorate D  
200 Rue de la Loi  
B-1049 Brussels.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 175, 23.7.1968, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 378, 31.12.1986, bls.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 374, 31.12.1987, bls.